

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Húsavíkur þann 5/6 2001

Bæjarstjóri

Skýringar

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Innkeyrsla á lóð
- Staðsetning bílastæða
- Fráveita

Hnitakerfi: ISN 93

Kortagrunnur: Ísgraf ehf

Deiliskipulag þetta er unnið af Per Christensen, arkitekt FAÍ, hjá Landvist ehf í samráði við byggingafulltrúa og bæjarstjórn Húsavíkur.

Br.	Texti	Dags.	Samþ.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í norðurhluta Húsavíkurhafnar. Svæðið nær frá norðurgarði að dráttarbraut og frá suðurhluta Höfðavegar og Laugarbrekku suður fyrir nýjan brimvarnargarð.
Hluti af svæðinu er ný uppfylling sem verður til á næstu árum vegna framkvæmda við brimvarnargarð.
Skipulagssvæðið er hafnar- og iðnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Húsavíkur
1985 - 2005 (með síðari breytingum).

Markmið skipulagsins

Markmið skipulagsins er að skilgreina legu nýs brimvarnargarðs og jafnframt að sýna nýja iðnaðarlóð á uppfyllingu nyrst á hafnarsvæðinu.

Skipulagið

Svæðið suðvestan við Höfða verður fyllt upp og brimvarnargarður byggður. Fyllt verður á milli núverandi garðs og nýs brimvarnargarðs til suðurs fram að 3 m dýpi.
Á nýrri uppfyllingu við Höfðanef ytra koma tvær lóðir: iðnaðarlóð, um 7.510 m2 að stærð, og lóð fyrir skólp-hreinsistöð, um 300 m2. Frárennsli frá henni mun liggja í gegnum uppfyllingu til sjávar. Fyrir er lóð Kísiliðjunnar, um 12.500 m2.
Byggingar skulu ekki standa nær lóðarmörkunum en 5 m nema þar sem annað er sýnt á uppdrætti.
Nýtingarhlutfall á lóðum skal ekki vera meira en 0,3. Nýjar byggingar mega ekki vera hærri en 10 m. Óheimilt er að staðsetja iðnað á svæðinu sem getur valdið vatns- eða loftmengun. Á hverja 50 m2 húsnæðis skal vera a.m.k. 1 bílastæði. Staðsetning á innkeyrslum er sýnd sem dæmi og má sækja um breytingar á þeim til byggingarnefndar.
Aðkeyrsla að brimvarnargarði og nýrri lóð er frá Laugarbrekku og frá miðhafnarsvæði eftir strandvegi.

Landvist ehf
Verkfræði
Arkitektúr
Skipulag
Upplýsingatækni
Höfða 2, 640 Húsavík. Kt. 650699-2899
Sími: 464 1330
Fax: 464 2198
Netfang: landvist@landvist.is
Veffang: www.landvist.is

Húsavík

Deiliskipulag norðurhafnar

Hannað: Per Christensen		Teiknað: Sigrun Farcher	
Yfirf.: Jóhannes Jóhannesson		Mælt: -	
Skrá nr.: hfn-d-2000_1.dgn			
Mælikv.: 1 : 2000	Verknr.: LC100		Bls.: 1
Samþ.:	Dags.: Desember 2000		Útg.: 1